

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 4. september 2020 í máli nr. 29/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 12. maí 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að bifreið sem keypt var af varnaraðila hafi verið haldin galla og krefst skaðabóta. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili keypti bifreið af gerðinni Skoda Superb B8 nýja af varnaraðila þann 18. október 2018 fyrir 4.601.348 krónur. Sóknaraðili starfar sem leigubílstjóri og kveðst hafa keypt bifreiðina til einkanota og til nota í atvinnurekstri.

Af gögnum málsins verður ráðið að sóknaraðili hafi fyrst leitað til varnaraðila vegna annmarka sem hann taldi vera á bifreiðinni þann 23. nóvember 2018, rúmlega mánuði frá afhendingu bifreiðarinnar. Í kjölfarið fór sóknaraðili ítrekað með bifreiðina í skoðun eða viðgerð vegna annmarka sem hann varð var við. Annmarkarnir voru meðal annars hökt í sjálfskiptingu bifreiðarinnar, óeðlileg virkni útvarps og læsinga auk villuboða í mælaborði bifreiðarinnar. Í september 2019, þegar minna en eitt ár var liðið frá afhendingu bifreiðarinnar, hafði varnaraðili þegar skipt út ræstihnappi bifreiðarinnar, kúplingu, tímareimastrekkjara, tímareim og vatnsdælu auk þess að framkvæma ýmsar uppfærslur, stillingar og skoðanir á bifreiðinni í kjölfar athugasemda frá sóknaraðila. Í apríl 2020, um það bil einu og hálfu ári eftir kaupin, skipti varnaraðili um pakkdós á sveifarás, setti nýja tímareim í bifreiðina vegna þess að tímareimin var blaut af olíu og skipti einnig um lok í skiptingu vegna leka í pakkdós. Þá kom að auki í ljós hráólíuleki og var skipt um eldsneytislögn á verkstæði varnaraðila. Varnaraðili greiddi kostnað vegna viðgerða á bifreiðinni en hefur hafnað þátttöku í kostnaði vegna þess tjóns sem sóknaraðili kvaðst hafa orðið fyrir vegna endurtekinna viðgerða.

Við meðferð málsins hjá kærunefndinni komust sóknaraðili og varnaraðili að samkomulagi um kaup varnaraðila á bifreiðinni fyrir 3.500.000 krónur. Sóknaraðili telur að bifreiðin hafi verið haldin galla frá upphafi sem hafi valdið honum fjárhagslegu tjóni.

III

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið laganna að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegrri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur

gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu. Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Í athugasemdum við frumvarp til laganna kemur fram að einstaklingur geti einnig talist neytandi í skilningi laganna jafnvel þótt markmið samnings falli að hluta til innan atvinnugreinar hans. Til þess að slíkur samningur eigi undir gildissvið laganna verður atvinnutengda markmiðið með kaupunum hins vegar að vera svo takmarkað að það geti ekki talist aðalmarkmið kaupanna. Ef markmið kaupanna er fyrst og fremst vegna fyrirhugaðrar nýtingar söluhlutar við atvinnurekstur einstaklings á ágreiningur ekki undir gildissvið laganna.

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að hann hafi keypt bifreiðina til einkanota og til nota í atvinnuskyni, en hann starfar sem leigubílstjóri. Upphafleg krafa sóknaraðila var sú að kaupunum yrði rift og hann fengi kaupverð bifreiðarinnar endurgreitt. Þá krafðist sóknaraðili skaðabóta vegna endurtekinna viðgerða á bifreiðinni. Nánari útlistun var ekki að finna á því fjárhagslega tjóni sem sóknaraðili kvaðst hafa orðið fyrir. Ekki var á þessum tímapunkti talið tilefni til annars en að halda gagnaöflun áfram í málinu.

Við þá gagnaöflun bárust frekari upplýsingar um málavexti og varð tilgangur kaupanna skýrari. Endanleg krafa sóknaraðila um skaðabætur byggir á því að ítrekaðar bilanir bifreiðarinnar hafi valdið honum fjárhagslegu tjóni sem má einna helst rekja til þess að hann nýtti bifreiðina við atvinnu sína sem leigubílstjóri.

Sóknaraðili kvaðst hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna atvinnumissis þar sem hann gat ekki stundað vinnu sína án bifreiðarinnar þegar hún var í viðgerð á verkstæði varnaraðila. Krefst sóknaraðili skaðabóta að fjárhæð 960.000 krónur vegna launamissis. Sóknaraðili krefst einnig skaðabóta vegna útlagðs kostnaðar við að færa aksturstölvu úr bifreiðinni í nýja bifreið sóknaraðila, alls að fjárhæð 143.000 krónur. Umrædd aksturstölva gegnir mikilvægu hlutverki í starfi sóknaraðila sem leigubílstjóri en tölvan er meðal annars notuð til samskipta við viðskiptavini. Þá telur sóknaraðili sig hafa orðið fyrir tjóni vegna sölu bifreiðarinnar til varnaraðila þar sem söluverðið hafi verið undir eðlilegu markaðsverði. Krefst sóknaraðili skaðabóta að fjárhæð 500.000 króna vegna neyðarsölu bifreiðarinnar. Bifreiðinni hafði verið ekið nokkuð umfram það sem almennt gerist þegar bifreið er keypt til einkanota, eða um 120.000 km. á þeim 18 mánuðum sem liðu frá því að sóknaraðili keypti bifreiðina og þar til varnaraðili keypti hana aftur af sóknaraðila.

Með hliðsjón af öllu framangreindu verður ekki annað séð en að tilgangur kaupa sóknaraðila á bifreiðinni hafi fyrst og fremst verið í atvinnuskyni. Sóknaraðili telst þar af leiðandi ekki neytandi í skilningi laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Kvörtun sóknaraðila er því vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laganna.

IV

Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson